

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá Safnasafnsins nr. 128 17. febrúar 1998.

Stjórn Safnasafnsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 3., 8. og 10. gr. skipulagsskrár sjóðsins, sem staðfest var 17. febrúar 1998.

#### 3. Skipting:

Safnasafninu er skipt í: Alþýðulistasafn Íslands, Brúðusafn Íslands, Leikfangasafn Íslands og Sérsafnasafnið.

#### 8. Stjórn:

Stjórn safnsins skipa 5 aðalmenn og 3 varamenn. Stofnendur sitja í stjórn eins lengi og þeir óska og tilnefna hvor um sig 1 aðalmann og 1 varamann í 4 ár í senn. Samband íslenskra myndlistarmanna tilnefni 1 aðalmann og 1 varamann í 4 ár í senn.

Njóti annars stofnanda ekki við, tekur afkomandi hans sæti hans í stjórn.

Stjórnin skiptir með sér verkum og fer með öll málefni safnsins. Stjórnin hefur heimild til að ráða forstöðumann að safninu.

#### 10. Starfsfólk:

Forstöðumaður skal njóta launa og starfskjara á við það sem tíðkast hjá forstöðumönnum Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Íslands.

Stjórn er heimilt að ráða stjórnarmann í starf forstöðumanns.

Gjaldkeri er prókúruhafi safnsins.

Forstöðumaður ræður starfsfólk eftir þörfum.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá Safnasafnsins staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*